

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 18. desember 2024
UST202412-155/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Lækur landgræðslulóðir – Rangárþing ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 13. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Læk vegna landgræðslulóða.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhuguð er textabreyting í gildandi greinargerð deiliskipulags í kafla Girðingar á bls. 7, þar sem heimilað verði að girða af spildu og leigja hana til beitar. Forsenda breytingar er fyrirspurn um land til hrossabeitar í suðvesturhorni deiliskipulagsins sem áður var hluti af Læk 2 (L186677) en er núna hluti af jörðinni Brekkum.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda breytingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Rakel Sæmundsdóttir
sérfræðingur